

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Eskja hf. Eskafirði Eskifjörður



UMHVERFISSTOFNUN

<b>Dags eftirlits</b>	6.12.2018	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Halla Einarsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Eskja hf. Eskafirði	<b>Eftirlitsmaður</b>	Leifur Þorkelsson/Dröfn
<b>Heimili</b>	Strandgötu 2/Marbakka	<b>Tegund eftirlits</b>	Framselt eftirlit
<b>Kennitala</b>	6301694299	<b>Flokkur</b>	Fiskimjölsverksmiðja
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Haukur L Jónsson	<b>ÍSAT nr.</b>	15.20.7
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	734232,988 517289,471

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Verksmiðjan fékk áminningu í september sl. þar sem ekki var brugðist við fráviki varðandi heildarúttekt á losun mengandi efna í frárennsli innan tímamarka í úrbótaáætlun. Engin ný frávik komu fram í eftirlitsferðinni, brugðist hafði verið við þremur frávikum af fjórum sem fram komu í síðustu eftirlitsferð á fullnægjandi hátt og ný úrbótaáætlun vegna þess fjórða gerir ráð fyrir að úrbótum verði lokið fyrir 1. mars 2019.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af Heilbrigðiseftirliti Austurlands samkvæmt samningi þar um. Eftirlitsmenn voru Dröfn Svanbjörnsdóttir og Leifur Þorkelsson.

Eftirlitsheimsóknin hófst á fundi með Hauki L Jónssyni verksmiðjustjóra. Á fundinum var farið yfir síðustu eftirlitsskýrslu, rætt um starfsemina á árinu og starfsleyfi fyrirtækisins yfirfarið. Að loknum fundi var haldið í skoðunarferð um verksmiðjuna og athafnasvæði hennar.

Í eftirlitsskýrslu vegna síðustu eftirlitsheimsóknar komu fram fjögur frávik frá starfsleyfi. Mælingar á ryki frá olúbrennurum höfðu ekki farið fram, samantekt á losun mengandi efna hafði ekki framkvæmd, geymsla efnavöru var ekki í samræmi við kröfur þar um og skráningar skv. grein 3.3. voru ekki fyrirbyggjandi við skoðun.

Fram kom í svari Eskju við síðustu eftirlitsskýrslu að olíukatlar í verksmiðjunni hafa ekkert verið notaðir á undanföllum árum þar sem verksmiðjan hefur verið keyrð á rafmagni og er útlit fyrir að svo verði áfram. Umhverfisstofnun benti á í bréfi dags. 13.mars sl. að ekki er gerð krafa um rykmælingar í útblæstri ef hægt er að sýna fram á hlutfall olíunotkunar fari ekki yfir 3% af keyrslutíma verksmiðjunnar eins og fram kemur í grein 2.9. Fram kom í eftirliti að olíukatlar hafa ekki verið notaðir á árinu og því er olíunotkun undir þeim mörkum sem um getur í starfsleyfi varðandi kröfu um rykmælingar

Upphafleg úrbótaáætlun verksmiðjunnar sem dagsett er 23.01. 2018 og samþykkt var af Umhverfisstofnun þann 13. mars sl. gerði ráð fyrir að skýrslu um heildarúttekt á losun mengandi efna í frárennsli yrði skilað þann 15. mars. Þann 13. september sl. veitti Umhverfisstofnun Eskju áminningu þar sem skýrslan hafði þá enn ekki borist þrátt fyrir ítrekanir þar að lútandi. Í kjölfarið upplýsti rekstaraðili að sýnataka af fráveituvatni sem fyrirhuguð var á loðnuvertíð í vor hefði misfarist og ljóst að ekki væri hægt að framkvæma sýnatökur fyrr en á komandi vertíð sem væntanlega hefst í upphafi árs 2019. Í kjölfarið veitti stofnunin fyrirtækinu frest til 1. mars 2019 til að skila inn skýrslu um heildarlosun í samræmi við grein 5.2 í starfsleyfi.

Staðfest var í eftirlitsferðinni að brugðist hafði verið við fráviki varðandi geymslu á efnavöru á fullnægjandi hátt og að gögn varðandi innra eftirlit eru fyrirbyggjandi og þau koma m.a. fram í grænubókhaldi vegna ársins 2017 sem hefur verið skilað, ásamt útstreymisbókhaldi.

Nýir blásarar voru settir upp sl. sumar og þar af leiðandi þarf að endurtaka mælingar á útblásturhraða frá skorsteini. Til stendur að endurtaka þær á loðnuvertíð 2019.

Í kjölfarið á gildistöku nýrrar reglugerðar um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi hefur einn lýsisgeymir af þremur verið þykktarmældur. Engin tæring kom fram við mælingar og er ástand geymisins metið gott skv. skýrslu með niðurstöðum mælinganna. Hinir geyrnir tveir verða þykktarmældir þegar aðstæður leyfa. Þá er búið að gera ráðstafanir til framkvæma þrýstiprófanir á lýsislögnum á næstunni.

Sýnataka á fráveituvatni fór fram á kolmunnaveitíð í apríl sl. skv. niðurstöðum frá verkfræðistofunni Mannvit þann 14. maí sl. mældist magn mengandi efna í fráveituvatni undir þeim mörkum sem fram koma í grein 2.17. í starfsleyfi Að fundi loknum var farið í skoðunarferð um verksmiðjuna og athafnasvæði hennar.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

### **ÁBENDINGAR**

Minnt er á að skv. úrbótaáætlun verksmiðjunnar þarf að skila skýrslu um heildarúttekt á losun mengandi efna í samræmi við grein 5.2. fyrir 1.mars 2019

Minnt er á að þar sem nýir blásarar hafa verið teknir í notkun þarf að endurtaka mælingar á hraða útblásturlofts

**ANNAÐ**

08.01.2019

**1 Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2 Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

  
Halla Einarsdóttir



